


Ex Libris



Von Steffensen







UM  
**BRÁÐASÓTTINA Á ÍSLANDI**

OG NOKKUR RÁÐ VID HENNI,

SAMÍÐ EPTIR YMSUM SKÝRSLUM

OG GEFIÐ ÚT



AF


**JÓNI SIGURÐSSYNI,**  
ALÞÍNGISMANNI ÍSFIRÐINGA.

---

KAUPMANNAHÖFN.

PRENTAÐ HJÁ HLÖÐVI KLEIN.





636.089  
Jón

UM

# BRÁÐASÓTTINA Á ÍSLANDI

OG NOKKUR RÁÐ VID HENNI,

SAMID EPTIR YMSUM SKÝRSLUM

OG GEFID ÚT

AF

JÓNI SIGURDSSYNI,  
ALÞÍNGISMANNI ÍSPIRDÍNGA.

---

KAUFMANNADÖFN.

PRENTAÐ HJÁ HLÖÐVI KLEIN.

1873.

THE HISTORY OF THE

1

2

3



## Um bráðasóttina á Íslandi

og nokkur ráð við henni.

**M**LÖNNUM er orðin fyrir laungu alkunnug á Íslandi fjársýki sú, sem þar hefir gengið, og menn kalla þar tíðast bráðasótt, en þó jafnframt mörgum öðrum nöfnum<sup>1</sup>. Þó að sumir haldi, að fleiri en eins kyns sjúkdómur sè nefndur þessu nafni, og að bráðasótt sè hver sú sýki, sem drepur kindina snögglega, þá er það víst, að einkenni þeirrar fjársýki, sem eiginlega er nefnd bráðasótt, eru hin sömu eptir lýsingu margra manna í ymsum sveitum. Sóttin tekur helzt fè framan af vetri fyr eða síðar, frá veturnóttum eða

---

<sup>1</sup>) Svo er hún sumstaðar kölluð bráðdaudi (í Kjós, Eyrarsveit Skagafrði og Eyjafrði og líklega víðar); bráðafár (í Reyðarfrði og víðar í Austfjörðum, í Skagafjarðardölum og líklega víðar); bráðapest, eða pest eða fjárpest (í Skaptafells sýslum, Árnes sýslu, Borgarfrði og Skagafrði); lakasótt (sumstaðar í Skagafrði); svartí daudi (sumstaðar á Vestfjörðum); sýking (í Skaptafells sýslu og Rángárvalla sýslu að austan); vinstrarfár eða vinstrarplága, eða vinstrarsýki eða vinstrardrep (sumstaðar í Austfjörðum). Útendír dýralæknar hafa kallað þessa sýki einskonar miltiabrand eða blóðsótt. Það kann að vera efasamt, hvort öll þessi nöfn eigi við um eina og sömu sjúkdómsmynd, en tegundin sjúkdómsins mun vera öll hin sama.

jólaföstu og fram á góu; hún tekur helzt úngt fê á öðrum og þriðja vetri, sjaldnar og á fánu stöðum gemlinga, og sjaldnast fullorðið fê, þrèvett eða eldra; því heldur tekur hún það, sem kindin er sælegri og blóðrikari. Sóttin tekur kindina þegar minnst varir, þó hún sýnist alheilbrigð, hvort heldur hún er á beit úti, eða stendur við jötu inni; hættir hún þá allt í einu átinu og leggst flöt, stynur þúngan og gnafstir tönnnum. Stundum kemur blóðlituð froða fram um munn og nasir, og sinatægjur um kroppinn, þar til kindin liggur dauð að skammri stundu liðinni, og það er almanna sögn, að engum takist að lækna sýki þessa eptir að hún hafi gagntekið kindina, því þó dæmi hafi gefizt, að kindin hafi lifnað við af einhverju meðali, þá hafi hún drepizt sjálfkrafa að nokkrum dögum liðnum. Þegar kindin er dauð, leggur sljótt af henni rotnunarþef, kroppurinn er blóðhlaupinn, skinnið meyr, og innyslin eins, en einkanlega hafa menn tekið eptir því, að vinstrin er skeinmá og og lakinn steinhardur, fullur af ómeltu sóðri. Sè kindin drepin jafnskjótt og fyrstu merki sýkinnar koma í ljós, þá finnst blásvartur eða dökkraudur dflí öðrum megin á vinstrinni, þeim megin að sögn, sem veit að hjartanu. Sè sýkin búin að gagntaka kindina, þá er dflí þessi því stærri um sig, og lifur ekki á laungu þar til hann er kominn um alla vinstrina, nokkuð af vömbinni og risja-himnunum, og það hefir fundizt, ef kindin hefir hjarað lengur og síðan bráðdrepizt, að þá hefir verið komið gat á vinstrina. Þessi einkenni á vinstrinni og lakanum eru vissust merki þess, að kindin sè dauð úr bráðasótt. Hafi kindin alveg drepizt úr sóttinni, og orðið sjálf dauð, en ekki verið skorin af áður, þá verður hún bráðum óæt bæði mönnum og skepnum, en sè hún skorin jafnskjótt og á henni sèr má hún verða að notum; finnist hún rétt að vörmu spori eptir að

hún er dauð, og sè þá skorin og gjörð til, þá er kjötíð nýttandi og skaðlaust til manneldis, ef það er látið liggja sólarhring í saltþækli, þvegið síðan vel upp og hengt í eldhús.

Menn hafa ekki enn fundið full rök til þess, að bráðasóttin hafi legið í landi á Íslandi frá elztu tímum, og er þó varla líklegt, ef hún hefði verið svo mjög almenn og skæð einsog á sðari árum, að þess hefði hvergi verið getið. Þess er reyndar minnst í lýsingu Færeyja eptir sira *Landt* (Kh. 1800. 8vo), að sýki sú, sem hann kallar „*braasot*“ (þ. e. bráðasótt), hafi upphaflega fluzt á fjórtándu öld til Færeyja með kindum, sem þángað hafi komið frá Íslandi. En þessi frásaga er mjög óviss, því líklegt er, að þaræð sè á Færeyjum hefir átt frá alda öðli hërumbil sömu kjörum að sæta einsog á Íslandi, og þeim enda engu betri, þá muni svipaðir sjúkdómar heim-sækja það á báðum stöðunum. Sú bráðasótt, sem þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson tala um í ferðabók sinni (bls. 212) að sè í Borgarfjarðar sýslu, sýnist mér eptir lýsinguinni varla geta verið þessi tegund, heldur hin, sem einnig kemur stundum fram, einkun þar sem fjörubeit er, og er kölluð upphemba eða bumbusótt. Þeir Eggert segja, að menn tðki þá að gefa kindinni inn heita mjólk, eða heitt brennivín með muldum pipar í eða engiferi, en þetta dugi þó sjaldan; sumir tðka nú að kassæra kindina í vatni, og velta henni um hrygg, og þykir þetta stundum verða til lækningar ef það er gjört í tíma. — Þar sem *Hastfer* barún talar um bráðasótt á sè, þá er alls ekki víst að hann hafi einungis þessa sýki á Íslenzku sè fyrir augum, heldur fjársjúkdóm þenna í hverju landi sem er. En að öðru leyti hefir *Hastfer* bersýnilega haft mjög óljósar hugmyndir um bráðasóttina og hennar orsakir, þar sem

hann segir að hún komi „vissulega“ af því, að fêð eti eitthvað banvænlegt.

Sú tegund bráðasóttarinnar, sem hér er um að ræða, kemur fyrst fram í ferðabók keirra Eggerts og Bjarna um Vesturland, og er kölluð þar „svarti dauði“; er hennar þar getið með þessum orðum (bl. 526): „Svarti dauði er kölluð ill sýki, sem kemur í fê beggja megin Arnarfjarðar, en þó með þeirri tilbreyting, að þegar hún gengur öðrum megin fjarðarins, þá verður hennar ekki vart hinu megin (1). Sýki þessi er einskonar bráðasótt. Menn vita ekki enn neina orsök til hennar, og væri þó vert að rannsaka það. Kindin deyr hastarlega, og ef hún er skorin jafnskjótt, þá er kjötið blátt og lítur illa út; vinstrin er sagt að sê svo þykk og skorpín, eins og hún væri nýsöðin. Sýki þessi kemur í ljós einungis á veturna, þegar fênu er beitt á gras, og það fær hana eins þó það komi ekki í fjöru, eða eti neinar þángtegundir“. — Þó að lýsing þessi beri með sêr, að hún sê tekin eptir sögusögnum, sem Eggert hefir líklega heyrt hjá mági sínum, sira Birni Halldórssyni í Sauðlauksdal, þá má þó augljóslega skilja, að þar er lýst bráðasóttinni í hennar almennustu mynd, einsog hún kemur fyrir nú á dögum.

Magnús Ketilsson sýslumaður nefnir þar næst bráðasóttina, og lýsir henni einnig í þeirri mynd, sem hún kemur fram með á Íslandi og hér er umtals efni. Hann lætur að vísu þann sjúkdóm á fê, sem þeir Eggert og Bjarni nefna í Borgarfirði og *Hastfer* talar um, vera hina sömu sýki, en það var hér skömmu áður sýnt, að þetta muni vera misskilningur, að minnsta kosti að nokkru leyti. Magnús sýslumaður segir frá, að bráðasóttin gjöri þar „mestan skaða í eyjum, svo að einn maður missi stundum til eins eða tveggja hundraða; — hún er skæðust í hlákum og þíðviðrum.

. . . . við hana verður stundum vart á landi, þar sem fê kemur sjaldan eða aldrei nærri sjó. Hennar eiginleg aðferð er þetta: fyrst fer kindin að snúast og engja sig saman; sê hún þá strax skorin, sem bezt er, áður veikin gjörir hana óæta, þá sêst blár blettur á vinstrinni, en þá hún má lengur við leika hleypur vinstri öll saman og verður meyr eins og hlaup, kindin þembist öll upp og froðufellir, dettur sðan niður og er dauð. Þetta gjörist optar á lítilli stundu, svo sem klukkutíma, og sjaldan varir það sex tíma, og þegar þá er skinnið tekið af skepnunni, er ullin farin að losna, sêrdeillis á vömbinni og í nárunum, en kroppurinn er allur blár og óætur. Við þetta verður sjaldan eður aldrei vart á sumrin . . . það sem er undarlegast er, að lömb fá hartnær aldrei bráðasótt, og sjaldnar það, sem er þrèvett eður eldra, en fênu á annan vetur er mest hætt við henni"<sup>1</sup>.

Af þessu má sjá, að bráðasóttin hefir verið kunnug, að minnsta kosti í eyjunum fyrir Skarðströnd og í Arnarfirði á sðara hluta átjándu aldar, og víðar ef til vill, en hún sýnist muni ekki hafa farið mjög geyst, eða verið mjög víða, fyrst hennar er hvergi annarstaðar getið. Um árabilið 1761—1780 geysaði fjárkláðinn, og gjörði víðast fjárauða um þrjá fjórðunga landsins, frá Jökulsá á Sólheimasandi og þaðan vestur og norður að Jökulsá í Axarfirði, svo að um það leyti mun ekki hafa verið gefinn mikill gaumur að bráðasóttinni. En þegar fjárstofninn fór að vaxa aptur, þá er það eptirtektar vert sem *Mohr* segir, Færeyingurinn, í náttúrufræði sinni, að fjárræktinni hafi víða á Íslandi farið aptur, frá því sem hún áður hafi verið, einkum að því leyti, að menn hafi mánkað fjár-

<sup>1</sup>) Magnús Ketilsson um sauðfjár hirding. Hrappsey 1778. 8vo. bls. 158—160.

húsin úr því sem áður var, sett ofmart fê á hjá sêr, fleira en menn áttu fôður fyrir, og ekki valið sêr gôða smalamenn, einnig líka lagt niður víða fornar selstöður<sup>1</sup>. Þessi hnignun fjárræktarinnar átti meðfram rót sína í því, að menn lögðu allt kapp á að fjölga fênu, en gættu ekkert að hvort sú aðferð, sem þeir höfðu til þess, var holl eða skaðleg fyrir fjárkynið. Óþroskað úngviði var látið æxlast, og ekkert val haft á hrútum eða ám, til þess að fá viðkomuna sem mesta að höfðatölunni. Hins var minna gætt, sem mest var vert, að hafa fêð kyngott, heilbrigt og þroskanikið. Þegar nokkuð var frá liðið þessum tíma finna menn smásaman getið um bráðasóttina á fleirum stöðum um landið; þannig er þess getið í „Minnisverðum tíðindum“, að bráðasóttin hafi komið fram 1790 undir Eyjafjöllum og 1793—1795 í Hamarsfirði í Austfjörðum. Þar um er farið þessum orðum: „í Austfjörðum geysaði og í Háls sókn í Hamarsfirði bráðafár á sauðfê (við hvert vart hefir orðið tvö undanfarin ár) eins og 1790 undir Eyjafjöllum í árslokin; fórust í Háls sókn um vorið 1795 þrjú stórhundruð fjár, sem datt niður sjálfdautt, og var samstundis helblátt; rotnanin lét sig strax í ljósi með ólykt, sem vart nokkur fêkk staðigt og vargar forðudust“<sup>2</sup>.

Eptir aldamótin hafa menn skýrslur um, að bráðasóttin hafi komið fram á ymsum stöðum, og sýnist svo, sem hún hafi þá sprottið upp, eða farið að bera meira á henni sumstaðar, en áður hafði verið. Þá er þess getið, at hún hafi fyrst farið að ganga fram í Eyja-

<sup>1</sup>) N. Mohr. Forsög til en islandsk Naturhistorie. Kbhavn 1786. 8vo. bls. 9—10. Mohr ferðaðist á Íslandi 1780 og 1781.

<sup>2</sup>) Minnisverð tíðindi I (1795—96), bls. 158; þaðan mun frásögnin um þenna viðburð vera tekin í Árbókum Espólins XI, 77, en þar er styttra og fáorðara.

fírði, því 1840 segir presturinn að Miklagarði og Hólum, að „bráðasótt á sauðpeningi, einkum á úngum fænaði“, hafi gengið þar almennt „uppá full 30 ár“ (þ. e. síðan 1810 eða fyr), og hafi „fargað allt að 30 kindum á ári á sumum bæjum“, helzt „frá því á haustum, að grös fölnuðu, til þess á útmánudum, þorra og góu“. Í ytri sveitunum við Eyjafjörð sýnist veiki þessi hafa komið minna fram, en þess er getið, að úr Eyjafirði hafi bráðasóttin komið í Skagafljardardali, og að Silfrastöðum og víðar í Skagafirði, en sè nú á seinustu árunum heldur í rönun, að minnsta kosti sumstaðar. —

Á árunum 1807 til 1814 voru mikil brögð að bráðasóttinni í Austfjörðum. Sira Guttormur prófastur Pálsson, sem þá var prestur að Hólum í Reyðarfirði, segist hafa mist á þeim sjö árum allt að 100 fjár úr bráðasótt, og fyrir nýjárið 1815 hafði orðið mikið tjón að veiki þessari á fjórum bæjum þar í Hólma sókn. Það hefir verið sagt, að bráðasóttin hafi lagzt frá á Hólum um nokkurn tíma (1828—1837), og hefði það valdið, að þá hefði verið rýmkað til í fjárhúsum, við það sem áður hafði verið, og haft færra fè í hverju húsi en áður; en eptir 1840 er svo frá skýrt, að þar deyi á Hólum mart fè úr bráðasótt, „því það er títt, að frá 10 til 30 fjár deyi úr því á vetri“.

Eptir gosin úr Eyjafjalla jökli 1822 og úr Kötlugjá 1823 telja menn í Mýrdal og undir Eyjafjöllum, og þar lengra út eptir Rángárvalla sýslu, að bráðasóttin hafi, ef ekki sprottið upp, þá þó magnazt og gjört mjög mikið tjón. Það var og sögn manna, að sýkin hefði særzt smásaman út um Rángárvalla sýslu, og seinast út yfir Þjórsá og út í Hreppana í Árnes sýslu milli 1830 og 1840; en í Vestmannaeyjum er svo skýrt frá 1842, að „sauð-

fænaður sýkist þar mikið, einkum á haustin, helzt á heima-landinu (Heimaey?) og enda í úteyjum. Þetta ber helzt til í hrímfalli, og vex nú (1842) sýkingin með ári hverju, og kenna menn helzt um því mikla fê, sem árlega er keypt úr Rángárvalla (sýslu) og öðrum nærliggjandi sýslum". — Það er af þessu að ráða, sem bráðasóttin hafi um þessar mundir verið orðin almenn, að minnsta kosti í mörgum sveitum í Vestur-Skaptafells sýslu, Rángárvalla sýslu og Árnes sýslu að ofan og austanverðu. Í Grímsnesi er þess getið í skýrslu frá 1840, að bráðasótt hafi gengið þar síðan 1820. Um sama leyti, 1840 og þaðan af, er getið um bráðasótt hér og hvar í Húnavatns sýslu.

Af því, sem hér hefir verið frá skýrt, þá má sjá, að bráðasótt á sauðfê hefir talsvert dreifzt út um land á hinum seinustu hundrað árum, og einkum síðan um seinustu aldamót. Það sýnist mega ráða á lýsingum Eggerts Ólafssonar og Bjarna landlæknis Pálssonar, að þeim hafi mjög lítt verið kunnug þessi fjársýki, og fyrir aldamótin er hennar einungis getið í Breiðafjarðar-eyjum, einkum sunnanfram, og í Arnarfirði fyrir vestan, en í Hamarsfirði fyrir austan. Eptir aldamótin kemur hún fyrst fram í Eyjafirði, og þá er hennar getið víðar í Austfjörðum. Eptir 1820 kemur hún fram og breiðist út um Skaptafells og Rángárvalla sýslur, og þaðan suður og vestur, einnig úr Eyjafirði vestur í Skagafjörð. Eptir 1840 sýniet svo, sem hún hafi dreifzt út enn víðar, því eptir skýrslum þeim, sem safnað hefir verið um fjármissi úr bráðasótt eptir áskorun landlæknis Dr. Jóns Hjaltalíns og fyrirskipun stiptamtmannsins, veturinn 1870—1871, hafa farizt úr þessari sýki:



	fjártala í fardögum 1870.	dautt í bráðasótt 1870-71.	títtals af hundr.
Í Norðurmúla sýslu (vanta skýrslur) . . . . .	43,674		
- Suðurmúla sýslu . . . . .	31,231	780	2.5
- Skaptafells sýslu . . . . .	28,166	471	1.7
- Rángárvalla sýslu . . . . .	32,894	683	2.1
- Vestmannaeyjum . . . . .	1,098	180	16.4
- Árnes sýslu . . . . .	46,785	2761	5.9
- Gullbringu og Kjósar sýslu	12,757	1360	10.7
- Borgarfjarðar sýslu . . . . .	19,583	1963	10.0
- Mýra sýslu . . . . .	29,766	851	2.9
- Snæfellsnes sýslu (vanta skýrslur) . . . . .	12,671	"	"
- Dala sýslu . . . . .	25,103	554	2.2
- Barðastrandar sýslu (vanta skýrslur) . . . . .	17,192	"	"
- Ísafjarðar sýslu . . . . .	21,280	516	2.4
- Stranda sýslu . . . . .	11,231	81	0.7
- Húnavatns sýslu . . . . .	59,051	597	1.01
- Skagafjarðar sýslu . . . . .	42,134	414	0.98
- Eyjafjarðar sýslu . . . . .	45,266 <sup>1</sup>	117	0.26
- Þingeyjar sýslu . . . . .	50,156	17	0.03

Eptir þessu er fjármissirinn í bráðasótt á landinu frá fardögum 1870 til fardaga 1871:

Í Suðuramtinu . . . . .	141,283	7418	5.2
- Vesturamtinu . . . . .	117,243	(2002)	
- Norður og austur-amtinu	271,512	(1925 <sup>2</sup> )	

<sup>1</sup>) Fjártalan í Eyjafjarðar sýslu er tekin eptir meðaltali fjártölunnar í fardögum 1869 og í fardögum 1871.

<sup>2</sup>) sbr. Heilbrigðistiðindi Hjaltalíns II, 36; þó er seinasta talan þar ekkert (1927 fyrir 1925).

## Og eptir landsfjórðungum talið:

	fjártala í fardögum 1870.	ðautt í bráðasótt 1870-71.	títtala af hundr.
Í Sunnlendinga fjórðungi .	113,117	6947	6.1
- Vestfirðinga fjórðungi ..	117,243	(2002)	
- Norðlendinga fjórðungi .	196,607	1145	0.58
- Austfirðinga fjórðungi ..	103,071	(1251)	

Af þessu yfirliti er það ljóst, að bráðasóttin er nú orðin svo útbreidd, at hún gjörir vart við sig í hverri sýslu um allt land meira eða minna, því enginn vafi mun vera á því, að hún komi við með líku móti í þeim sýslum, sem skýrslur vantar úr, einsog í hinum næstu, og þó svo kynni vera, að skýrslur þessar væri ekki allskostar áreiðanlegar, svo að þær t. a. m. teldi með það fê, sem deyr úr öðrum bráðum sjúkdómum, er kallaðir eru ólæknandi af því tilsoðgn dýralækna vantar, þá er þó þetta nægilegt tjón til þess, að mönnum mætti þykja kominn tími til að leita einhverra ráða, alvarlegra og viturlegra, en láta sér ekki nægja kákið eitt. Fjármissir þessi úr bráðasóttinni kemur að öðru leyti allvel saman við það, sem áður er skýrt frá um útbreiðslu sýkinnar. Þingeyjar sýsla er enn að mestu leyti frí, og væri vert að vita, hvort þær kindur, sem þar eru taldar dauðar úr sýkinni, hafi verið í næstu sveitum við Eyjasfjörð, svo sem í Fnjóskadal, eða hvort tildirög til sýki þeirra verði ekki rakín til annara héraða. Fjármissirinn í Árnes, Gullbringu (og Kjósar) og Borgarfjarðar sýslu er stórkostlegur, en þó er hann ekki stórum meiri en Dr. Hjaltalín hefir skýrt frá um árin 1849 til 1854, þar sem hann vill halda að suðuramtíð hafi mist úr bráðasótt á þessum árum hërumbil 6000 fjár (eða jafnvel rúm 7000) að tiltölu á

ári<sup>1</sup>. Tjónið er nú að vísu töluvert meira að því skapt, sem fjárfjöldinn er minni en þá á Sudurlandi, því

1854 var fjárfjöldinn í Suduramtinu . . . . .	201,812 <sup>2</sup>
en 1869 í fardögum ekki meiri en . . . . .	126,138 <sup>2</sup>
og 1870 í fardögum . . . . .	141,283.

Það virðist vera ekki ósennileg getgáta, að þessi miklu meiri fjármissir að tiltölu nú en áður komi að nokkru leyti af því, að Sunnlendingar hafa á seinni árum keppzt við sem allra mest að fylla skörðin í stad þess, sem þeir hafa skorðið niður í kláðavíngli sínu. Þeir hafa allt of víða bæði látið sæð tímgastr of úngt og í mörgum greinum trassað fjárrækt sína, og þar að auki hafa þeir keypt og flutt að sér óhagvant sæ úr öðrum hërudum, sem margreynt er að opt misheppnast, nema gætni sæ við höfð. — Það er enn fremur eptirtektar vert um fjármissirinn í Suduramtinu, að þó Árnes sýsla hafi mist flest sæ að tölunni til, þá hefir hún mist minnst að tiltölu af sýslunum í Suduramtinu fyrir vestan Þjórsá, og það verða menn ætíð að athuga, því í raun og veru fer fjármissirinn eptir tiltölunni, en minna eptir tölunni. Tiltalan sýnir, að Vestmannaeyjar hafa mist mest, hërumbil sjöttu hverja kind af öllu sæ sínu, þar næst Gullbríngu og Kjósar sýsla, rúmlega tíundu hverja kind, þá Borgarfjarðar sýsla, rétt tíundu hverja kind, en Árnes sýsla minnst, ekki meira en tæplega sex af hverju hundraði eða hërumbil sextánda hverja kind af fjártölu sýslunnar eptir fjártalstöflunum.

---

Þegar er að segja ráð við bráðasóttinni, þá mega menn hafa það hugfast, að þessi ráð geta ekki verið innifalin

<sup>1</sup>) Hirðir 28. Febr. 1861, sbr. Dr. *Krabbe* um bráðasóttina á Íslandi og Færeyjum í *Tidsskrift for Veterinairer. Anden Række. II. B.*, bls. 27.

<sup>2</sup>) *Skýrslur um landshagi I*, 121; V, 55.

í því, að lækna hverja kind sem verður yfirfallin af sóttinni, smásaman eptir því sem hver veikist, því þetta hefir reynzt í flestum tilfellum ómögulegt. Sjúkdóminum er svo varíð, að kindin er orðin banvæn þegar á henni sèr, og getur ekki lifað nema skamma stund þar á eptir. Menn hafa ósjaldan haft dæmi til, að kindin hefir hjarnað við aptur, og orðið heilbrigð að sjón, en eptir svosem viku tíma hefir hún orðið bráðdauð þegar minnst varði, og þegar hún hefir verið skorin hefir fundizt gat á vinstrinni af rotnunardrepi, á þeim stað sem dflinn er vanur að koma fyrst í ljós. Þau ráð, sem höfð verða, eru innifalin í því, að haga svo meðferð sinni á fènu meðan það er heilbrigð, að þarmed fyrirbyggist sóttin að öllu eða sem mest að mögulegt er, og ef hún bryddir á sèr á stöku kind, að hún þá stansi og gjöri ekki meiri skaða. Eg skal skýra hær frá nokkrum af þeim ráðum, sem reynð hafa verið og bezt hafa heppnast í þessum efnun.

Eitt hið einfaldasta ráð er það, sem Runólfur Sigurðsson, fyrrum bóndi austur í Mýrdal, hefir sagt frá að sèr hafi heppnast. Í annari viku vetrar var fèð farið að hrynja niður hjá honun, og öðrum þar í grennd, hann tók þá heim frá nógum hógum 50 lömb til að fæðra þau inni; þá vildi svo til, að hann tók í misgripunum tvo laupa af grænni töðu, sem ætluð var kúnun, og gaf þá lömbunum, en þegar hann varð var við misgripin þóttist hann víst vita, að hann mundi finna eitthvað dautt um morguninn eptir. Þetta varð þó ekki, og nú tók hann uppá því, að hann gaf lömbunum græna töðu í hálfan mánuð, og misti ekkert lamb. „Þessum vana hefi eg haldið síðan“, segir hann, „og ekki mist eitt einasta, en varast hefi eg að láta þau á þessum tíma ná til jarðar, og rekið þau með fylgi í vatnið og látið svo inn, en síðan beitt þeim og gefið

úthey að ósekju, en tólf ár eru síðan að eg hefi brúkað sömu aðferð á veturgömlu fê, þegar eg hefi frétt að farið hefir verið að sýkjast í kringum mig eða hjá mér, og þá gefið því inni í þrjá daga stóra slóðatöðu, og enga skepnu síðan mist af því sem eg þannig hefi með farið; samt hefi eg ekki þorað annað, en gefa því á hverjum mánaðamótum til miðs vetrar. . . . Fullkomin gjöf er ein mörk af grænni túna-töðu hverri fullorðinni kind á dag fram til miðs vetrar . . . Nú er nábúi minn um fimm ára tíma kominn að sanni um þetta, og hefir síðan enga kind mist." Að síðustu hvetur hann menn til að reyna þetta á 10 eða 20 kindum, sem væri auðkenndar svo, að þær væri auðþekktar, og gefa þeim þannig þrjá daga í hverjum mánuði<sup>1</sup>.

Annað einfalt ráð er það, sem nokkrir bændur í Borgarfirði hafa reynt, og talið sér hafa vel heppnazi. Þetta ráð er þannig: „Menn eiga að taka blóð sauðkindum sínum, bæði úngum og gömlum, hvort sem þær eru veikar eða ekki, með því að stínga gegnum nefið á þeim undir þunna beinið fremst við nasabrjóskið, og láta kindina láta höfðinu meðan blæðir. Blóðtökujárnið skal vera eins og hánkajárn, viðlíka sjaðrabreitt og þvengjanál. Úr fullorðinni kind skal láta blæða hërumbil tvo þriðjunga úr pela, en úr lambi hërumbil hálfan pela. Vili blæða um of, þarf ei annað, en að láta kindina inn í fjós. Eptir blóðtökuna skal hýsa fêð og gefa vel næsta mál. Ekki má taka ám blóð um brundtíð. Sá maður, sem fyrstur reyndi þessa blóðtöku, var Björn bóndi á Draghálsi í Borgarfjarðar sýslu, og hafði pestin drepið fjölda fjár fyrir honum, en eptir að hann tók upp þetta ráð (veturinn 1846—1847)

<sup>1</sup>) Lanztíðindi 1850, bls. 53.

brá svo við, að hann misti enga kind, og síðan hefir pestin ekki til hans komið." Magnús bóndi á Hóli í Lundareykjadal hafði mist þrjár kindur, en hin fjórða var dauðsjúk og hætt að standa upp; henni tók hann nasa-blóð og varð hún alheil. Eptir það tók hann öðru sínu fê blóð, og flýði þá pestin af hans bæ. Fleiri menn höfðu og reynt þetta sama, og gefið vel<sup>1</sup>.

Sira Ólafur Indriðason á Kolfreyjustað getur þess í sóknarlýsingu sinni 1841, að bráðafár á sauðfenaði sé illur annmarki þar og á Vattarnesi, „einsog á ymsum útnesjajörðum hér eystra, frá Norðfirði allt suður í Álpta-fjörð". Hann segir, að fyrirrennarar sínir, prestar á Kolfreyjustað, hafi líðið mikið tjón af sjársýki þessari, en hann kveðst hafa furðanlega hjá henni komið, og „eigna eg það því," segir hann, „að eg hefi látið halda fê mínu jafnara til fjalls og fjöru en áður var síður til, einkum framan af vetri, sem er hinn hættasti tími, og varazt að láta það liggja við sjó að staðaldri, án þess þó að halda því frá honum gjörsamlega meðan það er feitt . . . Eg veit til, að einstöku kindur, sem fengið höfðu sjúkdóminn, hafa læknað með frekum skamt af kælandi meðali, vel hálfri matskeið af saltpètri. Það er og eptirtakanlegt, er eg og fleiri hafa taksett, að úngkindur, sem fá búkhlaup á haustin, drepast nálega aldrei úr bráðafári þann vetur. Af þessari athugasemd hafa menn leiðzt hér nýlega til að reyna að gefa kindum, sem varnarmedal við bráðdauða, tvo spæni af lýsi, og sumir af lýsi og salti til samans, sem á flestum kindum verkar þægilega hreinsun, og stansaði þetta á næstliðnum vetri bráðafár á sauðfê nággranna míns." — Hann getur þess að endingu, að „hið næsta tilefni sjúkdómsins sýnist opt vera: hastarleg hrærfng

<sup>1</sup>) Reykjavíkurbóst. II, 29 (Novbr. 1847).

(svo sem þegar fê er rekið of hart og hastarlega), snögg veðrabrigði, helzt frá hita til kulda, fjárhúshiti (þegar ofsett er í fjárhús, svo að fê svitnar inni) og beit á hêlaðri jörðu."

Sira Ólafur Sivertsen kemst svo að orði í sóknalýsingu sinni um Flateyjar sókn á Breiðafirði 1840, að einn ókostur í Eyjahrepp sê „bráðasótt" sauðfênaðar, sem á sumum árum innfellur til mikils skaða með hverjum stórstraum nær því allan veturinn, svo við hefir borið að þar af hefir farizt áttunda, jafnvel sjötta hver kind, sem á vetur var sett af úngu sauðfê; sinna menn ekki einhlít ráð móti henni; þó hygg eg (segir hann) helzt duga, af því sem reynt er, að setja sauðkindum fyrirfram á haustin stólpípu, með nokkru af bómolu (viðarolu) eða góðu lýsi, og hella ofanf hana þvínær hálfri mörk af uppleystu álóe í sterku brennivíni. Mest ber á bráðasótt þessari í kjarngóðum úteyjum, hvar fjörugrös eru, og þegar mikil kuldahret koma, en sauðkindur eru vænar og feltar; finnst þá, að meltingarkraptur kindarinnar hefir optast verið skemmdur orðinn.

Sira Einar Hallgrímsson Thorlaeus, sem var prestur í Saurbæ í Eyjafirði, kemst svo að orði í lýsingu sóknar sinnar, sem hann sendi Bókmentafêlaginu 1840: „Einn meinlegur annmarki við útbeit sauðfjárins . . . er skæður bráðdaudi, einkum fyrri part vetrar, á úngum og feitum sauðpeningi, sem haldið er til beitar á sendinni og leirunninni holta-jörð, hvar ekki er gott hagkvisti; hefir þessi veiki legið í landi í sókn þessari og nábuásóknum meir en í 30 ár, þó að því sê áraskipti; hefi eg á stundum mist úr henni frá 20 til 30 sauðkindur á vetri, og að því skapi nágrannar mínir . . . af eigin strekaðri reynslu er eg allt að einu sannfærður um, að koma má í veg

fyrir þenna skæða og skadlega sjúkdóm, en það er með því, að koma sauðpeningi til strax á haustum, þá farið er að hýsa, að minnsta kosti einusinni í viku, að drekka saltað vatn, eða eta saltað hey. Því þó veiki þessi hafi verið orðin svo skæð, að drepizt hafi úr henni þrjár kindur með degi úr einni sauðahjörð, þá hefir algjörlega fyrir fjárdaudann tekið þá verkun saltsins hefir brifið. — Þetta er að vísu mikil fyrirhöfn og nokkur kostnaður, þar sem sauður er margur, en þó meir en tilvinnandi; væri ómaksminnst að salta heyið í öndverðu, og gefa peningnum þar á ofan saltað vatn fyrir svaladrykk einusinni í viku, og mundi þá vel hlíta”.

Prestur nokkur, sem var á Færeyjum, sira *Jörgen Landt*, hefir getið þess, að hann og nokkrir aðrir hafi getað lætt af bráðasótt með því, „að blanda og hræra saman almennt matarsalt og tjöru, svo að þar af yrði jafn grautur; þar af gaf hann sem svaraði einni matskeið eða tveimur hverri kind í trësleif á haustin, þegar senu var safnað, mestan skamtinn þeim kindunum, sem feitastar voru.” — Sverrir steinsmiður Runólfsson hefir ekki alls fyrir laungu bent mönnum á þetta ráð<sup>1</sup>, og þótti flestum auðsenn góður árángur þar af ef beint var farið eptir fyrirögninni, svo framarlega sem kindin var eigi orðin gagnatekin af sýkinni áður. — Í bræfi frá öðrum presti á Færeyjum, sira *Schröter*, sem prentað er á Íslenzku í Reykjavíkurbóstinum,<sup>2</sup> er talað um þetta mál, og getur hann þess, að menn hafi tekið eptir gulleitum svita á lömbunum, hërumbil háifum mánuði áður en þau deyja úr bráðasótt. Hann getur og þess, að bráðasóttinni lætti opt af, þegar menn taka það til bragðs, að reka fjárhnappana fram og aptur, og láta þá

<sup>1</sup>) Þjóðólfr XXIV, 14 (2<sup>2</sup>/11 1871), og 42—43 (2<sup>2</sup>/1 1872).

<sup>2</sup>) Reykjavíkurbóst. I (1847), 166—169.



svitna. „Það sem *Landt ráðleggur*”, segir *Schröter*, „að blanda tjöru með salti og gefa fênu, hefi eg opt reynt, og stundum hefir það hjálpað, en það ætla eg, að ekki komi það að haldi hafi skepnan verið veik lengur en einn sólarhring. Einusinni reyndi eg að blanda saman salt-petri og salti, og hjálpaði það nokkrum sinnum, og eg ætla, að þess kyns kælandi meðöl og svo blóðtaka muni hjálpa hvað bezt . . . Ekki er nóg að reka fêð lítið eitt einusinni, menn verða að gjöra það. optar en í eitt skipti, svo það svitni vel, ef duga skal. Gefi menn kindinni inn salt og tjöru, svo hún fái innantökur af, þá batnar henni, en lengi er kindin lasin á eptir. Það hefir og stundum hjálpað, að brenna tjöru í sjárhúsum, en úti á vðavangi og við sauðkindur þær, sem heita mega hálfviltar, hjálpar bezt að láta þær hlaupa og hreyfa sig, svo þær svitni vel.”

Frá *Eiríki Viborg*, prófessori og forstöðumanni dýralæknaskólans í Kaupmannahöfn († 1822), er til fyrir sögn um bráðasóttina á Íslandi og meðferð hennar. Hún er í bræfi hans til rentukammersins 5. Marts 1816, og fer hann þar meðal annars þessum orðum: „Menn geta ráðið það af lýsning bráðasóttarinnar, að hún er ekki næmur sjúkdómur, heldur liggur hún í landi (*enzootisk*) og kemur af föðrinu og veðráttufarinu. Hún er af þeim sjúkdómaflokki, sem heyrir til brunasóttar og er náskyld miltisbrunasótt (miltisbrandi). Sýkin er svo bráð á sér, að öll viðleitni til að lækna hana, þegar hún er komin í kindina, mun reynast árángurslaus. Að fyrirbyggja hana er torvelt, helzt þar sem svo á stendur sem á Íslandi, þar sem menn eiga svo örðugt með að bæta fjárrækt sína og hlynnu að skepnum sínum. Menn taka eptir því, að sýkin tekur helzt feitar og blóðríkar kindur; þá á maður að taka

þeim blóð, þegar sýkin kemur í ljós. Fjárhúsið á að vera loptgott, breint og kalt. Fóður sjárens á að vera sparlegt, en gott og heilnæmt. Til drykkjar á fêð ekki að hafa annað en hið rama seyði af horblöðku eða einhverri annari beiskri jur. Salt á maður að leggja í smájötur, til þess fêð nái að sleikja það. Geti maður náð til að fá malurt, á maður að binda jur þessa í smáknippi, og hengja þau upp svo fêð nái til þeirra. Það etur malurtina með græðgi. Í staðinn fyrir inalurtina má hafa aðrar beiskar jurtir, og hafa sömu meðferð. Ef fêð er úti þegar frosthæla eða ísng er á jörð, þá á maður að taka það í hús þar sem mögulegt er, og hafa þá meðferð sem fyr var sagt. Kjöt af því fê, sem deyr af bráðasótt, á ekki að hafa til manneldis, því það gæti verið óhollt fyrir heilsu manna". Þessa fyrirsögn *Viborgs* sendi rentukammerið amtmönnunum á Íslandi á Dönsku, til að birta hana fyrir alþýðu<sup>1</sup>.

Karl *Viborg*, bróðursonur hins fyrnefnda og forstöðumaður dýralækningskólans í Kaupmannahöfn eptir föðurbróður sinn, hefir gefið út aðra fyrirsögn um bráðasóttina á Íslandi og meðferð hennar; hún er í bréfi til rentukammersins, rituðu í Kaupmannahöfn 27. Mars 1844, en rentukammerið lét íslenzka það og prenta, og sendi síðan til amtmanna á Íslandi til útbýtingar meðal alþýðu<sup>2</sup>. Grfmur amtmaður Jónsson skrifaði rentukammerinu í bréfi 8. Februar 1847, að það væri hæðarleikur að stöðva sýkina og gjöra hana skadlausu, með því að fylgja þessum reglum *Viborgs*, sem amtmaður kvaðst hafa lengi þekkt, og fengið fulla raun um að væri óbrigðular, ef þeim

<sup>1</sup>) Hún er prentuð á Dönsku í hinn fyrnefnda ritgjörð eptir Dr. *Krabbe*, bls. 5.

<sup>2</sup>) Bréf *Viborgs* er prentað á íslenzku á tveim blöðum í 4to. Khöfn

væri fylgt. *Viborg* segir, að eptir skýralum þeim sem komið hafi frá mörgum sýslumönnum, þá þyki „enginn efi vera á því, að fjársýki þessi eigi skylt við miltisbrand, og er hún kölluð bráðasótt eða blóðsótt. Sýki þessi kemur allt í einu að skepnunni, og drepur hana á skömmum tíma, og er fyrir þá sök opt óhægt að koma við lækni-hjálp, einkum á Íslandi, því dýralæknar eru þar svo fáir. Sýki þessi mun hafa sín upptök í því, hvornig með skepnurnar er farið, og að nokkru leyti mun landslaginu um að kenna, en af þessum rökum veitir eigi hægt að tilgreina, hvað bezt muni eiga við henni.” — En þau ráð, sem *Viborg* leggur fyrir um meðferð á fènu og til að fyrirbyggja bráðasótt, eru þessi: „Menn verða að varast”, segir hann, „að svo miklu leyti því verður við komið sökum landslagsins, að hleypa kindunum mjög snögglega út á nálina eða nýgrænuna á vorin<sup>1</sup>, og með engu móti mega þær fyrst í stað koma fastandi út á morgnana, og er þessi varúð mjög svo árfðandi. Verði eigi hjá því komið, að gefa fènaðinum myglad eða skemmt hey, þá er nauðsynlegt að þurka það, eða viðra, svo vel sem faung eru á, áður en það er gefið á jötuna, og er þá stráð innan um það salti og beiskum jurtum. Verði snögg vedrabrigði, má eigi beita fènaðinum á meðan á því stendur, en halda honum þeim mun lengur í húsunum. Sè mikil hrímhèla fyrst á morgnana, verður að halda fènu inni þar til af fer að taka, og gefa því morguntuggu. Allan veturinn skal viðra fèð á hverjum degi, ef vedur er til þess; það bætir loptið í fjárhúsunum, og útiloptið gjörir kindurnar

1844; síðan í Lagasafninu handa Íslandi XIII, 91—94; seinast í Þjóðólin XVII, 21—22 (10/12 1864); á Dönsku í fyrnefndu riti eptir Dr. *Krabbe*, bls. 16—18.

<sup>1</sup>) Hér virðist því vera eigi gaumur gefinn, að bráðasóttin gengur sízt á vorin, en einmitt fyrra part vetrar.

bragðlegri. Fjánhúsin þurfa að vera öldungis súglaus og þur, og eigi tjáir að ofsett sæ á þau, því slíkt skemmir loptið í þeim og eykur sóttnæmi. Fjánhúsdýrnar og gluggarnir eiga með jafnadi að standa opnir, þó svo, að eigi aukist súgur í fjánhúsunum. Varast verður að gefa kindum þeim magn Gott hey í fyrstu, er áður eru orðnar magrar, því þá er hætt við að veikindi komi í þær. Miltisbrandur og allir þeir sjúkdómar, sem eiga skylt við hann, eru næmir, sumir meira og sumir minna, og ber því þess að gæta, að láta eigi hraust fê hafa samgáing við kiudur þær, er fengið hafa sýki þessa, og þegar skal taka út úr húsunum og grafa í jörð niður þær, er dáíð hafa úr henni; kjötið af þeim er óætt, bæði fyrir menn og skepnur, og sá er flær af þeim skinnið, sè það annars gjört, verður að hafa hina mestu aðgætni á sèr, að hvorki hafi hann sár á höndunum, eða hann skeri sig á meðan hann er að flá þær. — Þá er til læknis verður náð, er það fyrst til ráða, að koma blóðinu og efnablending þess í rétt horf; skal þá í því skyni gefa skepnunni jurta sýrur eða steinsýrur í drykkjarvatninu, og skal láta í það svo mikið af sýrum þessum, að vatnið breyti bragði. Má hafa til þessa saltsýru eða brennisteins-sýru, edik, einnig kvikur (súrdeig) leystar í sundur í vatni. Optast nær er vön að hlaupa bólga í garnirnar, og má með hægum blóðtökum lina hana, einkum ef kindin er blóðrík, einnig með kælandi salti, annaðhvort undursalti<sup>1</sup> eða venju-

<sup>1</sup>) Þ. e. Glábersalti, *sal mirabile Glauberi* á Latínu; á Ensku heitir það *Sulphat of soda*, á Frakknesku *Sulfate de soude* eða *sel de Glauber*; það hefur nafn af þýzkum lækni (*Glauber*), sem andadist á Hollandi í Amsterdam 1668; hann fann það fyrstur, einusinni þá hann var að búa til saltsýru. Efnin í salti þessu eru:

legu salti. Saltið er látið saman við lýsi, feiti eða við-smjör (olíu), og er því þannig hellt ofan í skepnuna, og fær hún þá hægðir. Líka má við hafa til þessa stólpípu og seltuvatn”.

Landlæknirinn Dr. Jón Hjaltalín hefir opt og iðulega brýnt fyrir mönnum, hvíllkur vogestur bráðasóttin væri, og á ymsan hátt reynt að kenna alþýðu bæði að þekkja hana og að hafa ráð við henni. Eptir að hann hafði rannsakað sjúkdóm þenna um nokkur ár, og ritað um hann skýrslur til stjórnarinnar, til að reyna að fá hana til að skerast duglega í málið, ritaði hann almenna áskorun til landsbúa á Íslandi og beiddi þar „alla hlutadeigendur að taka nákvæmlega eptir sóttvarnarmeðölum og reglum þeim, er hann ræði til, en þau voru þessi:

1. Undursalt (Glábers salt). Af salti þessu, upp leystu í heitu vatni, skal gefa kindaflokk þeim, er pestin hefir heimsókt, svosem svari fimm eða sex lóðum handa hverri kind. Maður uppleysir hvert pund af saltinu í einum potti af heitu vatni, og skiptir síðan lögnum í sex eða mest átta jafna skamta, og gefur hann sex fullorðnum kindum, eða sjö eða átta lömbum. Eptir þessu ætti eitt pund af saltinu að duga handa sex fullorðnum kindum, eða átta lömbum, og mun það nægilegt við sjáfarsfðu, en upp til sveita mun óhultara að hafa skamtinn stærri, t. d. 6 til 8 lóð handa hverju lambi; yfirhöfuð að tala verða menn í þessu að haga sér eptir því, hversu mikið sýnist þurfa af saltinu til þess að kindin fái niðurgang, því þess þarf

---

vatn .....	55 <sup>8</sup> / <sub>10</sub> partar	} 100 partar.
brennisteins sýra .....	25 <sup>8</sup> / <sub>10</sub> —	
natron .....	15 <sup>4</sup> / <sub>10</sub> —	

þegar það er í beru lopti verður það að hvítu duppti. *Langkier Vare-Lexicon*, bls. 449.

með allopptast, ef vel á að duga. Almennast drepur fjár-  
 pestin mest veturgamalt og lömb, og þar sem fer að örla  
 á henni þarf að hleypa á allan þann flokk, er hún er  
 komin í, og er ráð fyrir hvern mann að gjöra það þri-  
 svar sinnum eða optar með tveggja eða þriggja daga  
 millibili í hvert sinn. Sè nú pestin t. a. m. hjá einum  
 bónda, sem hefir 32 lömb, þá þarf hann í þessi lömb af  
 saltinu að minnsta kosti fimmsinum 32 lóð, eða alls 160  
 lóð (eður 5 pund) í hvert sinn, og þessi 5 pund af salt-  
 inu á hann að uppleysa í 5 pottum af heitu vatni, skipta  
 svo lögnum í 32 jafna parta og hella hverjum skammti  
 fyrir sig ofaní hvert lamb. Bezt er að hella lögnum ofaní  
 lömbin, eða hverja kind sem er, úr stútmjórrí könnu; líka  
 má taka til þess sívalt sauðarhorn, saga af því stíkilinn,  
 stínga því svo upp í kindina og hella þar í gegnum, sem  
 trekt væri. — Kindum þeim, sem pestin er farin að heim-  
 sækja, setti eigi að beita út þegar mikið frost er, eða  
 þegar hrím er á jörðu, þá á helzt að gefa þeim gott en  
 þó í nokkuð minna lagi hey, og er gott vallendis-hey hið  
 hagkvæmasta til þess.

2. Fjárhús þau, þar sem fjárpestin hefir sýnt sig,  
 vil eg (segir landlæknir) láta svæla vel innan með klór-  
 kalki eða kolagljæðum. Klórkalkið er við haft á þann  
 hátt, að menn eiga að taka af því sem svari rúmri te-  
 skeið, láta það í leirbolla eða trygil (trébolla), hella þar á  
 ofan svo sem einum spæni af vatni, og hræra svo í öllu  
 saman með dálitlum trèspáða. Bollann skal síðan setja  
 í fjárhúsið, þar sem hann stendur óhultur, og leggur þar  
 uppaf allmegnan klór-daun, en endurnýja þarf svo klór-  
 kalkið í bollanum, þegar dauninn af því fer smásaman  
 að dofna. — Þegar klórkalkið er eigi fyrir hendi, er ráð  
 að taka brennandi viðarkola-glæður, leggja þær á hellu

eða í pott, og láta þær standa í fjárhúsinu unz þær með öllu eru útkulnaðar, og þarf þá að gjöra þetta rækilega, eða að minnsta kosti annanhvorn dag. Þess ber að gæta, að kolin þurfa að vera vel sviðin og brandalaus, og eru einikol bezt til þess"<sup>1</sup>.

Eptir áskorun landlæknis sendu tveir merkir menn skýrslur um, hver árángur hefði orðið af því að fylgja reglum þessum. Annar þessara manna var Magnús Jónsson, þá bóndi í Austurhlíð í Árnes sýslu, en hinn Bjarni hreppstjóri Brynjólfsson á Kjaranstöðum á Akranesi. Magnús kvaðst varla eða ekki hafa orðið var við sjárpest þann vetur (til 13. Januars) en hann kvaðst hafa farið eptir reglum þessum með lömb sín, sem voru farin að fá hina „algengu svo kölluðu skitupest“, og batnaði þeim sem voru farin að sýkjast, en hin urðu ekki veik. — Bjarni segir svo frá, að bráðapestin hafi komið á þrjá eða fjóra bæi á Akranesi þann vetur (fyrir 6. Februar), á tveimur af þessum bæjum var hún svo æf, að „hún drap ýmist eina eða tvær kindur með dægri, en þegar þeir voru komnir í stöfunina með að brúka rött meðölin (eptir tilsögn Bjarna) hætti pestin öldungis, og hafði þar eigi orðið vart við hana síðan (þartil skýrslan var rituð). Í Gerði (Reynisgerði) drap hún tvö eða þrjú lömb, en strax sem búíð var að gefa hinum inn og láta þau laxera, bætti hún aldeilis. Hjá mör (Bjarna sjálfum) drap hún einn sauð, en samdægurs lét eg hina laxera og síðan hefir enginn farizt.“ — Bjarni kvaðst hafa 9<sup>1</sup>/<sub>2</sub> til 10 lóð í skamt handa hverri kind, og 5<sup>1</sup>/<sub>2</sub> til 6 lóð handa lömbum, og segir þetta muni „vera flestum kindum nægilegur skamtur,

<sup>1</sup>) Þessi fyrirsögn Dr. Hjaltaíns er prentað í Þjóðblá VII, 129—130 (29. Septbr. 1855) og síðan aptur í Hirði 3. árg. bls. 125—126 (28. Februar 1861).

sè þær látnar vera gjafarlaugar eitt dægur áður, og 3 til 4 tíma á eptir laxerínguna; líka hygg eg (segir hann), að betra sè að hafa eigi nema eitt spónblað með hverju lóði af salti." Bjarni þykist því hafa „fullvissu fyrir, að þessi fjárpestarmedöl sè áreiðanleg móti pestinni, sè þau réttilega brúkuð."

Seinustu ritgjörðir um bráðasóttina og ráð við henni eru eptir Snorra dýralækni Jónsson. Fyrsta ritgjörð hans um það efni er í Heilbrigðis-tíðindum Dr. Jóns Hjaltalíns 1871<sup>1</sup>. Hann getur þess þar, að það sem gjöri bráðasóttina svo skæða sè efalaust „hin illa meðferð á fê, sem hér (á Íslandi) er allt of almenn. Snögg umskipti á hita og kulda er eitthvað hið versta í þessari veik, en það er mjög almennt hér, að fêð er tekið úr þraungu og heitu fjárhúsi á hverjum morgni, rekið út í grimdarfrost og látið standa á beit allan daginn. Þetta er mjög skadlegt, en heybirgðir manna gjöra, að hjá þessu verður eigi komizt víða. Fjárhúsin þurfa að vera rúmgóð, björt, eigi mjög heit, en einkum ríður á, að nægur loftstraumur sè í þeim. Ársíðandi er, að halda þeim kindum inni, sem pestin er farin að heimsækja, þegar mikið frost er eða hrím á jörðu, og að gefa þeim í minna lagi, en gott vallendis-hey; einkum virðist hrímið að vera mjög skadlegt fyrir pestarsfê. Nauðsynlegt væri og einnig að gefa kindunum dálitla tuggu áður en þeim er beitt út; það er þeim miklu hollara en að gefa þeim hana á kvöldin þegar búíð er að hýsa, eins og sumir hafa fyrir venju. Það er og ársíðanda, að fêð hafi nægt og gott vatn að drekka."

Af meðölum til að lækna bráðasóttina telur Snorri dýralæknir fyrst og fremst Gláberssaltið sem „hið

<sup>1</sup>) Heilbrigðis-tíðindi I. ár, nr. 8 (27. Februar 1871).



ódyrasta, og það, sem hægst er um hönd að hafa." Skamtana tiltekur hann hina sömu og Hjaltalín (5—6 lóð handa fullorðnu, 3—4 lóð handa lambi); þetta vill hann gefa „öllum kindum í þeim flokki, sem pestin heimsækir, og það tvisvar sinnum í hverjum mánuði, meðan fêð er haft inni og um þann tíma, sem pestin er vön að vera skæðust, með tveggja til þriggja daga millibili í hvert sinn." Gláberssaltið hleypir á fêð og þynnir blóðið, sem verður þykkt við sýki þessa og streymir treglega gegnum æðarnar; það leysir og stífluna í þörmunum og lakanum, og þar af leiðandi uppbembu, sem drepur skepnuna á mjög stuttum tíma, ef eigi er að gjört. — Annað ráð, sem dýralæknirinn tekur fram, er klórkalkið, og mælir hann fyrir því á líkan hátt og landlæknirinn hér á undan, þó vill hann heldur rífska skamtinn, og taka sem svarar tveimur teskeiðum, en fara að öðru leyti með einsog landlæknir mælti fyrir. Sè eigi klórkalk til, segir hann eins fyrir að hafa kolaglæður, helzt af einikolum, og láta kulna út á hellu í fjárhúsinu. Líka getur maður haft tjöru til að svæla með; en þetta þarf að vera opt gjört, að minnsta kosti anuánhvorn dag. Ef á að reyna að lækna kind, sem veik er orðin, þá er fyrst að reyna að lina uppbembuna, verður þá fyrst fyrir að hella ofan í kindina vænum skamti af Gláberssalti uppleystu í volgu vatni; einnig mætti setja henni pípu. — Blóðtaka á einnig vel við pest þessa, því hún þynnir blóðið, örfar þar með rás þess í gegnum æðarnar, og lokkar það frá innyslunum til ytri parta kroppsins. Einkum er áriðanda að taka úngum og feitum kindum blóð, undireins og veikin fer að brydda á sèr í skepnunni. En eigi nokkurt gagn að verða af blóðtökunni, þá verður að blæða vel úr kindinni. Maður tekur blóð á hálsæðinni, sem liggur

við efri brún barkans, þannig, að maður klippir ullina vel af, stemmir svo fyrir æðina með fingrunum, og stíngur svo inn í hana með oddinum á tvíeggjuðum knífi (*lanzetu*); en maður verður að gæta þess, að einúngis svo mikið af blaði hnífsins standi fram fyrir fingurna, er nægi til að opna æðina. Sumir taka líka kindum blóð á þann hátt, að þeir gjöra skurð í dindilinn að neðanverðu, eða jafnvel skella einn lið aptan af honum. En ef sú aðferð er höfð, mun naumast blæða svo mikið, að gagn sé að, því ekkert veitir af að maður láti blæða allt að mörk úr kindinni, einkum ef hún er væn og feit. Beninni er lokað með títuþrjóni, sem stúngið er í gegnum skinnið, og tvínna bundið um fyrir ofan. Títuþrjóninn má taka burt eftir fjóra daga. Það er sjálfsagt, að kindin verður að vera inni meðan hún er veik, og á að gefa henni í minna lagi, en gott vallendis-hey (þó eigi töðu). Gott er það og einnig, að blanda góðri sýru (helzt brennisteinssýru eða ediki) saman við drykkjarvatnið handa kindinni, meðan hún er veik, en eigi má það vera meira en svo, að drykkurinn að eins verði í-súr. Dýralæknirinn getur og þess, að nokkrir hafi reynt „að gefa kindum, sem pestin er komin í, dálftið af tjöru, sem þeir hafa vafið skæni utan um, og svo látið kindina renna því niður; hafa þeir sagt, að þetta hafi stundum gefizt vel“<sup>1</sup>. — Það

<sup>1</sup>) Þetta hafði verið reynt í Eyjafrði um veturinn 1871, og er þess getið í Þjóðsölu XXIV, 14 (25. Novbr. 1871). — Ólafur bóndi í Litluhlíð í Skagafrði hefir skýrt frá í Nordanfara (XI, 128: 21. Decbr. 1872), að hann hafi læknað nokkrar kindur með því, að gefa hverri kind tvo spæni af hráttjöru og tvo spæni af smá muldu matarsalti, vel hrærdi saman, hella eíðan ofaní kindina góðum sopa af hreinu vatni nýmjólkurvolgu. Sè tjaran þykk, er hún velgd áður en ealtíð er hrært saman við hana. Á haustin eftir gaungur þyrfti íungjöfn að líkindum ekki að vera svo mikil, eftir því sem hann ætlar.

þykir dýralækninum „alveg rángt, að hafa kjöt af pestarfè til manneldis, því þótt menn taki eigi undireins eptir afleiðingunum, þá er þó óvíst, hversu mikinn þátt þess-háttar sæða getur átt í hinum almennu sjúkdómum hér á landi (t. a. m. taugaveikinni, sem í eðli sínu er næsta skyld fjárpestinni). Fjárpestin er ósfað næmur sjúkdómur, og því þurfa menn að gæta allrar varúðar í meðferð pestarkinda. Rættast er að grafa þær kindur, sem drepast úr pestinni, með öllu á einhverjum afviknum stað, þar sem fè kemur ekki vanalega. Notí maður ullina, og það munu flestir vilja, þá á hún að svælast rækilega með klórkalki, en hitt af kindinni ætti menn ætíð að grafa vel í jörðu.”

Að lyktum er það ósk dýralæknisins, sem allir verða að játa að sè góð og nytsamleg; „að hver hreppstjóri vildi gefa sýslumanni skýrslu um, hversu mart fè drepst úr bráðapest í hans hrepp á vetri hverjum, hve nær hún byrjar og hættir o. s. frv. Sýslumenn ættu svo að senda amtmanni eða þá dýralækni, ef hann væri til, skýrslur þessar. Á þann hátt gæti maður helzt komizt að undirrót veikinnar, sèð hverjum kríngumstæðum hún er samfara, í hverju árferði hún er skæðust, hversu mikið tjón hún gjörir landinu, og það, sem mest ríður á, með tímanum haft von um að koma í veg fyrir hana og útrýma henni”.

Önnur ritgjörð, sem Snorri dýralæknir Jónsson hefir samíð, er prentuð í Heilbrigðis-tíðindunum í fyrra vor<sup>1</sup>. Þar hefir hann safnað úr skýrslum þeim, sem komið höfðu til stiptamtmannsins úr flestum sýslum á landinu, og talið fram það fè, sem hefði farizt úr bráðasótt um

<sup>1</sup>) Heilbrigðis-tíðindi II. ár, nr. 5—6. (Maí—Júní 1872).

veturinn 1870—1871<sup>1</sup>. Metur hann skada þann á 50 þúsundir dala að minnsta kosti um allt land, og telur það „víst, að ekkert lag kemst á fjárrækt vora (Íslandfnga), fyr en dýralækningafræði, og þá einkum sá hluti hennar, er lýtur að meðferð og uppeldi kvikfjár, verður almennt þekkt á landinu. En það verður eigi fyr, en hingað eru komnir dýralæknar að staðaldri“. Hann getur þess, að flestum skýrslunum heri saman um, að „þar sem bezt er með fêð farið, þar gjörir fárið minnst vart við sig“. „Meðöl hafa fáir reynt,“ segir hann, „móti veikinni, en mörgum hefir gefizt vel að gefa fênu á morgnana, áður því var beitt út, og einkum að salta heyið handa fênu“ (einn kút af salti í 20 hesta; aðrir segja: tunnu í kýrfóður).

Hann tekur enn fram sem helztu meðöl Gláherssalt og klórkalk, en getur þess um leið, að til sè fleiri meðöl, sem reyna mætti, ef þau væri heldur fyrir hendi, nefnir hann þar til einkum karbólsýru (*acidum carbolicum*). Maður tekur eitt lóð af karbólsýru, leysir það upp í dálitlu af *æther*, og hristir það saman við einn pott af vatni. „Af þessu á maður að gefa hverri kind eina matskeið á viku hverri, meðan pestartíminn er sem verstur, og ef fárið fer að brydda á sèr, þá veitir eigi af að gefa það annanhvorn dag eða á hverjum degi“. Karbólsýran er gott sóttvarnarméðal, og má því búa til karbólvatn til að eyða pestarefni í fjárhúsunum. Það er svo tilbúið, að maður tekur eitt lóð af karbólsýru til þriggja potta af vatni, og þessu stökkur maður um allt fjárhúsið að innan, og jafnvel á sjálft fêð. „Þetta ætti maður að streka opt, meðan á pestartímanum stendur (vanalega frá

<sup>1</sup>) sbr. hér fyrir framan bls. 11—12.

veturnóttum til þorraloka), að minnsta kosti einusinni í viku. Sá er galli við karbólsýruna, að hún er eitruð ef á henni er bergt einsamalli, og verður maður að fara varlega með hana. Annars er hún svo ódýr, að hún þess vegna hæglega ætti að geta orðið almennt meðal móti bráðafárinu. — Annað meðal, sem ef til vill er eins gott eða betra en karbólsýran við bráðafárinu, er brennisteins-sýrlíngur (*Svovlsýrlíngur*)<sup>1)</sup>, en hann er of dýr til að brúkast almennt,“ og er því ekki orðlengt um hann.

Sá er hin þriðja ritgjörð eftir Snorra, sem hann hefir góðfúslega ritað og sent mér í vetur, fyrir tilmæli mín; hún er „um bráðafárið í sandfði á Íslandi,“ og vona eg hún komi á prent í þrítugasta ári Nýrra Félagsrita. Þar er í stuttu máli skýrt frá lýsning og einkenni sjúkdóms þessa, útbreiðslu hans, orsökum sýkinnar og ráðum við henni. Þó þar sè að miklu leyti sagt hið sama, eins og í hinum fyrri ritgjörðum hans, þá er þar einnig sumt nýtt, og sumt sem mér hefir hér ekki þótt þörf að taka fram, eftir því sem tilgáangi þessa ritlíngs er varið. Þar er sagt, að gott sè „að svæla fjárhúsin innan með brennisteini.“ Sömu leiðis er þess einnig getið, sem er eftirtektar vert, að þegar fjárkláðinn var mestur á Suðurlandi, og fðð var íðuglega baðað úr hinum valziska legi<sup>2)</sup>, varð mjög lítið vart við bráðafárið á kláðasvæðinu; „hafa menn, og það með réttu, þakkað þetta böðunum, og einkum

1) „Brennisteins-sýrlíngur og brennisteinsreykur eða brennisteinsgufa eru eitt og hið sama, en sökum þess, að reykurinn af brennisteini, sem logar á, er súr, kalla menn hann brennisteins-sýrlíngur“. Heilbrigðis-tíðindi I, 24.

2) Um tilbúníng á valziska leginum, og ýmislegt annað, sem snertir meðferð saudfjárins, vitna eg til „Lítillar Varningsbókar“ eftir míg (Khöfn. 1861. 8vo.) bls. 35 atþgr.; sbr. hér síðar bls. 33.

mun hjartarhorns-ólfan hafa átt í því beztan þátt". — Það er tekið fram áður, að vel væri fallið að setja kindinni pípu, jafnframt og henni væri gefið Gláberssalt; því er hér við bætt, að hentugt sé að hafa nokkuð af steinolfu í pípunni: „Óhreinsuð steinolja hefir í sér nokkuð af karbólsýru, og má því í viðlögum hafa hana í stað sýrunnar." Við uppþembunni mætti og reyna, að gefa kindinni rúma matskeið af steinolfu.

Hér eru nú talin þau hin helztu ráð og fyrirsagnir, sem getið er um að fram hafi komið á Íslandi í þeim tilraunum, sem gjörðar hafa verið til að lækna bráðasótt á sauðfê, eða koma í veg fyrir hana. Eg gjöri ráð fyrir, að hver sá, sem hér á hlut að máli, muni velja sér það ráð og þá aðferð, sem hann finnur sér helzt henta, eptir efnum og ásigkomulagi, af því sem hér er talið, en hollast ætla eg hverjum einum, að stunda sem bezt meðferð á fê sínu, og reyna til með þrifnaði og gætilegri tilhögun í öllum efnum að fyrirbyggja sýking sjár síns, og að halda því heilbrigðu. Það ráðið mun draga hvern sjárbóndann drjúgast, og það mun hann geta með því að fylgja þeim reglum, sem hann finnur í þessum ritlíngi, og breyta eptir þeim með alúð og gaumgæfni.

Þeir kunna að vera sumir, sem þykir að vísu nógu mörg ráð gefin í ritlíngi þessum, en þykir ekki hinu svarað til hlítar: hverju ráðinu þeir eigi að fylgja. Þessari spurningu verður ekki svarað öðruvísi en áður er sagt, að það verður að vera komið undir hvers eins högum, efnum og ásigkomulagi. En eg ítreka það enn, að menn eiga ekki að treysta meðöllum til að lækna bráðasóttina eptir að hún er komin í fêð, heldur eiga þeir að ástunda að haga svo sjárhöldum sínum og sjárrækt, að þeir haldi heilbrigðu og hraustu fê, og fyrirbyggja veik-

indin. Þetta má takast að miklu leyti eða öllu með góðri rækt og athygli, og eg skal taka fram nokkrar af þeim reglum, sem þartil heyra, og sem mér finnst einna mest vera undir komið, þó að margt megi fleira telja. Það er þá

1. Um fêð sjálft. Þar ríður á að vanda valið á hrútum og hrútsmæðrum, velja sér hrúta undan þroskamiklum ám, á bezta aldri, kostugum að mjólk og ullargóðum. Hrútararnir eiga að vera þroskamiklir, hvítir að lit og ullargóðir, og gá einkum þess, að túngan og gómfyllan sé ekki flekkótt, heldur hvít. Hrútar og gymbrar mega ekki vera ýngri en á öðrum vetri, þegar þeim er ætlað að tmgast, og þess þarf að gæta, að ætla ekki hrútnum of margar ær. Ef menn þekkja betra fjárkyn hjá öðrum nágrönnum sínum, eða í nærliggjandi hêrudum, þá er ráðlegt að fá þaðan hrúta við og við til tmgunar og fjárbætis.

2. Um uppeldi fjáris. Til uppeldis er rétt að velja hið bezta úr fênu, en hafa hitt til lógunar, meðan fêð er að þroskast. Þegar ærnar nálgast lambburði, ríður á að þær eigi gott, og um burðartímann eiga bæði þær og únglömbin að hafa nákvæma tilsjón og bjúkrun, þrif og fóðurgjöf eptir þörfum. Hrútlömb á að gelda ekki seinna en þriggja vikna gömul. Ef að lús sækir á lömbin á vorin, hvort heldur færilús eða hafislús (fellilús), sem svo er kölluð, þá á að seyða tóbakslög, og bera í þau lömbin, sem lúsin sækir á eða önnur óþrif. Um fráferurnar ætti að baða lömbin öll, helst úr valz-legi, sem fæst í lyfjabúðum, og svo er tilbúinn, að fimma pund og sex lóð af meðalínu, einsog það fæst í lyfjabúðunum, er þynnt með 20 pottum af sterku kúahlendi og 80 pottum af vatni, og er það nóg það handa 60 fjár í alullu eða 100 rúins fjár. Þetta það er ágætt til að auka þrif og ullarvöxt, og jafnvel til að

varna dýrbít, því sterkjulyktin eptir baðið helzt lengi í ullinni. Þess eins er að gæta, að baðlögurinn komi ekki í eyru, augu eða nasir lömbunum, þegar baðað er. Hafi maður ekki kost á valzleginum, þá má gefa þeim heitt bað úr tóbaksseyði, einkum ef lús er á þeim nokkur, eða keitubað, og hella síðan á þau hrálýsi, er það látið drjúpa í herðakambinn og í mön eptir hryggnum og niður í bógana, en síðan brýzt það sjálfkrafa um allan kroppinn. Á haustin á maður að taka lömbin snemma inn, svo sem um veturnætur, er þá gott að gefa þeim bað eins og um vorið, og nokkru síðar Gláberssalt, eins og áður var getið um. Lömbum á ætíð að gefa vel fram yfir miðjan vetur, fyrsta mánuðinn er þeim haldið inni, til að kenna þeim heyátið, síðan er rétt að beita þeim út, þegar veðrið er þolanlegt, til að venja þau við útigáanginn, og þola þau hann þá betur síðan. Að þeirri meðferð, sem kindin hefir átt að mæta lambeveturinn, býr hún alla sína æfi. Lambeveturinn og næsta veturinn eptir (annan veturinn) er fænu hættast við bráðasótt, þessvegna er einkum nauðsynlegt að gjalda varhuga við um meðferð fjárens um þenna tíma. — Áður en fèð kemur inn á öðru hausti (veturgamalt) er rétt að gefa því bað, og síðan annaðhvort Gláberssalt eða láta saltsteina í húsin eða jöturnar, sem það geti sleikt, eða hafa heyið saltað, eða gefa því salt vatn að drekka einusinni í viku hverri, eða gefa því horblökuseyði að drekka, og hengja upp malurtarskúfa í fjárhúsunum, þar sem fèð getur náð til. Þegar manni hefir heppnast að koma fè sínu heilbrigðu og hraustu yfir tvö fyrstu árin, þá er mesti vandinn af höndum.

3. Um fjárhúsin. Eitt það, sem allra mest ríður á til góðrar fjárræktar, það eru fjárhúsin, að þau sé björt, rúmgóð, þur og ekki of heit. Um þann tíma, þegar helztu



höfðingjar Íslendinga töldu sér það til sóma, að stunda búfræði, og kepptust hver við annan í að segja fyrir um búskap og semja búskaparreglur handa Íslendingum, þá var auglýst sú fyrirskipun á alþingi<sup>1</sup>, að hús handa 20 sauðum, eða fullorðnu fè, skuli vera 10 álna langt og 6 álna breitt, hús handa 40 fjár 20 álna langt og 6 álna breitt, o. s. frv. Þá verður sauður á alin, sinn hvorumegin á jötunum. Veggirnir skyldu vera hálf þriðja eða þrjár danskar álnir á hæð (en hæð til mænis fimm álnir). Efst í þakinu skyldu vera ein eða tvær golur, eða strömpar til að draga út loptsúg, og þar að auki lítið gat efst á hurðinni, og annað smá gat á gallinum þar á móts við. Hver sem ekki bygði eptir þessari fyrirskipun, eða að til- tölu svo sem hér var sagt, hvort sem voru minni fjárhús eða meiri, skyldi gjalda einn ríkisdal í kúrantí til fátækra, og þar með rífa þau hús, sem ekki væri þannig byggð, og byggja tafarlaust önnur ný í þeirra stað eptir þessu fyrirskipaða máli. Fátækra sjóðirnir á Íslandi hafa víst aldrei séð einn skilding af þessum sektum, og þó er hætt við að fá sauðahús hafi verið svo byggð, að minnsta kosti víska í hærðum, sem hér er fyrir skipað. En hvort sem menn vilja fara eptir þessum reglum eða ekki, þá hlýtur það að vera hverjum skynsömum manni í augum uppi, að fjárhúsin verða að vera svo löguð, bæði að stærð og tilhögun, að þau geti ekki verið skepnum þeim til tjóns og heilsuspillis, sem í þeim eiga að vera. Þau verða að vera svo rúmgóð, að þar sé nóg útrými fyrir kindur þær, sem ætlazt er til að vera skuli þar inni. Þar er ekki nóg, að hver kind geti staðið við aðra á gólfinu í einum


<sup>1</sup>) Alþingisbók 1776, Nr. 21. — Bréf general tollkammerens 2. Marts 1776, sem auglýsingin er byggð á, er prentað í alþingisbókinni og í Lovsaml. for Island IV, 202—205.


hnapp, heldur verður að vera svo til hagað, að allar kindur þær, sem húsið er ætlað fyrir, geti komið að fóltri sínu, og haft nóg svigrúm að fara á bak við hinar kindurnar, fram og aftur um húsið, án þess að þurfa að núna sér við veggina eða við hinar kindurnar. Ef hver kind hefir ekki nóg svigrúm til þessa, þá er húsið of lítið. Best og hentast er að hafa garða-fjárhús, með jötubálki í miðju og sínum armi hvorumegin, má þá ekki með neinu móti setla hverri kind minna rúm en svo, að hver hafi hálfu alin af garðanum, það er sex kindur á fadminn hvorum megin, og verður þó heldur knappt ef fêð er stórvaxið og fullkomið að vexti. Jatan verður að vera svo breið, að hún taki vel það hey, sem gefið er í einu, en þó ekki svo breið, að hver kind nái ekki vel í hana miðja. Hvor karmur hússins um sig þarf að vera svo breiður, að hver kind, sem hættir að eta og vill leita sér að öðrum stað í húsinu, geti hæglega gengið eða hlaupið á bak við hinar, sem eru við jötuna, án þess að ónáða þær, eða að núna sig allt of mikið í veggina, og skemma með því eða losa á sér ullina. Lambhús mega vera dálftið mjórri, en þó svo, að hvert lamb hafi nóg rúm. Undir því er mjög mikið komið, að húsin sé þur og þrifaleg. Þessvegna ríður mjög mikið á því, að húsin leki ekki að ofan, og safni ekki bleytu að neðan. Leki og bleyta háir fênu einna mest af öllu. Þegar fê er ætlað til útigánga eða fjörubeitar, svo að gjöra má ráð fyrir að það komi brynjað í hús, er nauðsyn að hafa í húsunum grindagólf, það skal vera á lopti, svo lagað, að öll væta og saur renni niður milli spelanna, en engin kind geti fest þar klaufir. Það verða menn að varast, að láta vera of heitt á fênu, sem hættast er við ef ofsett er í fjárhúsin. Þegar því er hleypt út heitu og soltnu, stundum í snarpan kulda, út á fredna

jörð eða í fræðna ljöru, eða þyrstu í iskalt vatn, þá getur hver gætinn maður skilið, að þetta getur verið mjög lættu-  
legt, og einkanlega verið orsök til bráðasóttar, nema mjög  
mikil varúð sé við höfð. Sé það ekki gjört, og sóttin grípi  
fæð, þá kemur til þeirra ráða sem áður er frá skýrt, og  
verður þar að vera komið undir hagsýni og lagkænsku  
og reynslu hvers eins, að velja það ráðið, sem honum  
þykir tiltækilegast og er hendi næst. Ef eigandinn hefir  
hagað meðferð sinni á fænu eftir því, sem hér er mælt  
fyrir, eða því sem næst, þá hygg og að sjaldan muni til  
þess koma.

Á þeim stöðum, þar sem fê gengur mest úti og hefir  
hvorki hús né hey, þar ætti menn að búa til byrgi eða  
beitarhús með grindagólfum, eða skraufþuru þáangi eða  
þurum sandi, hafa þar saltsteina og beiskar jurttir, gefa  
fænu böð og inntöku, undir þann tíma helzt sem sýkin er  
vön að koma í ljós, og hafa yfirhöfuð að tala svo miklar  
gætur á fænu, einkum um þann tímann, sem mögulegt er,  
svo maður geti tekið sýkina jafnskjótt og hún komur í ljós,  
og leitað þeirra ráða, sem líklegust eru.


---

 Bæklingur þessi verður sendur til allra fulltrúa þjóðvinafélagsins til útbýtingar. Söluverðið er ákveðið til 16 skildinga, en þeir sem leggja til þjóðvinafélagsins geta fengið bæklinginn gefins ef þeir vilja.











1873.







Lbs - Hbs / Jón Steffensen



100735204-2

